



Þekkingarnet  
Þingeyinga

## Grásleppu- og laxveiðar

---

Er jákvæð fylgni á milli?



---

Desember 2020

Þessi skýrsla var unnin af Árdísi Ingu Höskuldsdóttur, nema í sjávarútvegsfræði í Háskólanum á Akureyri. Verkefnið er afrakstur átaksverkefnis stjórnvalda um sumarstörf háskólanema og var styrkt af Norðurþingi, Vinnumálastofnun og Þekkingarneti Þingeyinga.

Desember 2020

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Grásleppuhrogn. Auðlindin  
Grásleppa. Landsamband smábátaeigenda  
Lax. Matís, Fiskbókin.  
Hafralónsá. Nils Folmer Jörgensen

*Ábyrgð/ritstjórn:*

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Helena Eydís Ingólfssdóttir

*Framkvæmd:*

Árdís Inga Höskuldsdóttir

ISBN 978-9935-405-63-0

## Efnisyfirlit

<i>Efnisyfirlit</i> .....	3
<i>Myndaskrá</i> .....	4
<i>Töfluskrá</i> .....	4
<b>1. Inngangur</b> .....	1
<b>2. Aðferðafræði</b> .....	2
2.1. Viðmælendur .....	3
<b>3. Viðfangsefni rannsóknar</b> .....	5
3.1. Hrognkelsi.....	5
3.2. Lax.....	6
<b>4. Rannsóknargögn: Fylgni á milli veiða á grásleppu og laxi</b> .....	8
4.1. Tölfræðilegar niðurstöður.....	8
4.2. Vinnsluáferðir á grásleppu og framhald á afurðum .....	12
<b>5. Svör þátttakenda</b> .....	13
5.1. Jákvæð fylgni á milli grásleppu- og laxveiða .....	13
5.2. Áhrif grásleppuveiða á samfélagið .....	13
5.3. Konur og grásleppuveiðar .....	14
5.4. Kvóti á grásleppuveiðar .....	15
5.5. Hveljan á land .....	16
5.6. Tilfinning við veiðar .....	17
5.7. Veiðitímabil. Hvað stjórnar því hvort vertíðin verði góð? .....	17
5.8. Laxveiði og fylgni.....	18
5.9. Hversu mikilvæg er laxveiðin fyrir samfélagið okkar .....	18
5.10. Konur og laxveiðar .....	18
5.11. Helstu ástæður endurkomu laxveiðimanna á svæðið.....	19
5.12. Laxinum sleppt í ána aftur .....	19
<b>6. Niðurstöður út frá þeimum</b> .....	21
6.1. Grásleppuveiðimenn .....	21
6.2. Laxveiðimenn.....	21
<b>7. Samantekt og lokaorð</b> .....	23
<b>8. Heimildaskrá</b> .....	24

## Myndaskrá

Mynd 1. Grásleppa og rauðmagi .....	5
Mynd 2. Útbreiðsla Hrognkelsa .....	6
Mynd 3. Vöxtur laxa. ....	7
Mynd 4. Tonn eftir höfnum .....	9
Mynd 5. Fjöldi báta eftir höfnum. ....	9
Mynd 6. Síðustu 10 ár borin saman fyrir svæðið .....	10
Mynd 7. Laxveiðitölur bornar saman fyrir Melrakkaslétu og Þistilfjörð .....	11
Mynd 8. landaður lax úr laxveiðiám .....	12

## Töfluskrá

Tafla 1: Fylgnistuðull fyrir tímabilið.....	11
---	----

## 1. Inngangur

Tilgangur þessarar rannsóknar er að leita svara við spurningunni um það hvort jákvæð fylgni sé á milli *grásleppu- og laxveiða* á því svæði sem rannsóknin nær til, en það hefur verið tilfinning margra veiðimanna undanfarin ár. Einnig að skoða samfélagsleg áhrif af hvoru tveggja og skoða hvað veiðar af þessu tagi skilja eftir sig í samfélaginu.

Í rannsókninni eru notuð gögn frá fjórum höfnum; Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn og úr nærliggjandi laxveiðiám; Laxá í Aðaldal, Deildará, Ormarsá, Sandá, Hafralónsá og Kverká. Útreikningar byggja á veiðitölum síðustu tíu ára (2009-2019) auk þess sem tekin voru viðtöl við tíu einstaklinga til að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið. Þegar lagt var að stað í upphafi átti þetta ekki að vera svona umfangsmikið verkefni en þegar farið var að skoða málið kom í ljós að litlar sem engar rannsóknir liggja að baki þessu. Verkefnið er hluti af átaksverkefni stjórnvalda um sumarstörf fyrir háskólanema 2020 og er unnið í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing og Þekkingarnet Þingeyinga.

## 2. Aðferðafræði

Í þessum kafla verður farið yfir aðferðir sem notast var við í rannsókninni og sagt frá því hvernig þær voru framkvæmdar auk þess sem reifaðar verða ástæður fyrir því hvers vegna þessar aðferðir urðu fyrir valinu. Að sama skapi verða markmiðin sem unnið var eftir sett fram og leitað svara við rannsóknarspurningunum.

Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvort það væri jákvæð fylgni á milli grásleppu- og laxveiða í Þingeyjarsýslu. Skýrsluhöfundur hafði orðið var við umræðu um jákvæða fylgni síðustu ár í samtölum á milli manna og heyrt að möguleg fylgni væri á milli grásleppu og laxveiða svo ákveðið var að rýna í gögn til að kanna sannleikskorn umræðunnar og setja fram hér.

Rannsóknaraðferðirnar sem notast var við eru bæði eigindlegar (e. *qualitative research methods*) og meginlegar (e. *quantitative research methods*). Eigindlegi hlutinn vísar í viðtöl sem tekin voru við tíu viðmælendur. Rætt var við einn grásleppusjómann á hverjum af þeim fjórum stöðum sem voru til skoðunar ásamt einum fyrrum grásleppusjómanni, alls fimm viðmælendur um grásleppu. Að sama skapi voru viðmælendurnir fimm sem rætt var við um laxveiði. Spurningarnar sem lagðar voru fram voru samdar af skýrsluhöfundi og höfðu það markmið að fá sem yfirgripsmestar upplýsingar um veiði á hvorri fisktegundinni fyrir sig. Einnig var kannað hvort veiðimennirnir hefðu tilfinningu fyrir eða gögn sem sýndu fram á fylgni milli grásleppuveiða og laxveiða. Einstaklingsviðtöl eru góð leið til að ná fram skilningi og viðhorfi til ákveðinna málefna. Í þessu verkefni var um að ræða hálfstöðluð viðtöl (e. *semi structured interviews*) sem miðuðu að því að fá þátttakendur til að lýsa sinni reynslu og upplifun þar sem lögð var áhersla á það hvernig þau túlka umhverfi sitt og aðstæður (Háskóli Íslands, 2014).

Í meginlegu hluta rannsóknarinnar eru lögð fram töluleg gögn frá tímabilinu 2009-2019. Gögn um grásleppuveiði voru sótt af vef Fiskistofu og laxveiðitölur voru sóttar af vef Landssambands veiðifélaga. Þessi gögn voru svo sett saman og skoðuð með það í huga hvort fylgni væri á milli. Skýrsluhöfundur reiknaði jafnframt út fylgnistuðul (e. *correlation coefficient*) í *Excel*. Bæði Fiskistofa og Landssamband veiðifélaga eiga töluvert af tölulegum upplýsingum sem þær taka saman með reglubundnum hætti. Þegar búið var að safna saman öllum upplýsingunum voru þær settar upp og greindar í *Excel*. Fyrst var skoðað hversu miklu magni var landað á hverjum byggðakjarna fyrir sig og er því varpað fram með súluriti. Næst var skoðað hversu margir bátar voru á veiðum á hverjum stað og er það einnig sett fram með súluriti. Grásleppuafli í tonnum og fjöldi landaðra laxa í stykkjum var svo reiknaður og borinn saman

yfir tímabilið með línuriti. Því næst var fylgnistuðull fyrir heildarafla skoðaður og varpað fram í töflu. Fjöldi landaðra laxa á Melrakkasléttu og í Pistilfirði var borinn saman og birtur með línuriti. Lönduðum löxum í öllum laxveiðiánum var varpað fram með línuriti. Þegar tölfræðilega hlutanum var lokið þá kynnti skýrsluhöfundur sér vinnsluaðferðir á grásleppu og kemur aðeins inn á það í sérstökum kafla. Viðtölin voru tekin yfir tveggja mánaða tímabil, fyrstu viðtölin voru hljóðrituð á *Ipod* en þá mælti skýrsluhöfundur sér mót við viðmælenda og tók viðtal með áður undirbúnum spurningum. Önnur viðtöl fóru fram í gegnum síma en voru þó einnig hljóðrituð og loks var svo síðasta viðtalið tekið upp á *Teams*. Síðar voru öll viðtöl skrifuð upp og greind þar sem það áhugaverðasta var dregið fram.

## 2.1. Viðmælendur

Viðtöl voru tekin við tíu einstaklinga. Rætt var við fimm einstaklinga sem hafa stundað grásleppuveiði frá Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Tilgangur þess var að fá innsýn í hugarheim veiðimanna sem sumir hverjir hafa áratuga reynslu í veiðum og verkun á grásleppu. Auk þess var leitast við að varpa ljósi á samfélagslegar aðstæður í kringum vertíðina.

Að sama skapi var rætt við fimm einstaklinga sem tengjast laxveiðum á svæðinu, bæði veiðimenn og jarðeigendur, sem flestir hafa stundað einhverjar laxveiðar. Skýrsluhöfundur var með hálf stöðluð viðtöl þar sem þátttakendur fengu tækifæri á því að koma sínum skoðunum á framfæri. Viðmælendur njóta nafnleyndar og eru skilgreindir með bókstaf. Þeir viðmælendur sem enn eru á grásleppu stunda einnig allir strandveiðar á sumrin.

- Viðmælandi A hefur tekið þrjár vertíðar á grásleppu sem háseti með föður sínum sem hefur stundað grásleppuveiðar í fjölda ára.
- Viðmælandi B byrjaði á grásleppu vorið 1993 og hefur verið óslitið síðan með sína eigin útgerð.
- Viðmælandi C byrjaði á grásleppu árið 1984 og hefur ekki ennþá tekið sér frí, hann sinnti grásleppu alltaf samhliða búskap.
- Viðmælandi D fór á sína fyrstu vertíð 1990 og tók nokkrar sem háseti. Árið 2008 keypti hann bát og hefur stundað veiðarnar óslitið síðan.
- Viðmælandi E hefur stundað grásleppuveiðar í yfir 40 ár.
- Viðmælandi F er jarðeigandi á svæðinu og hefur stundað laxveiðar í nokkur ár.
- Viðmælandi G er jarðeigandi og mikill laxveiðimaður.

- Viðmælandi H er mikill laxveiðimaður og hefur veitt í 9 ám. Hann byrjaði laxveiðar árið 1996 og hefur stundað þær á hverju sumri síðan.
- Viðmælandi J er jarðeigandi. Hann hefur starfað innan veiðifélags en þó aldrei verið mikill laxveiðimaður.
- Viðmælandi K hefur veitt lax frá unglingsaldri og alla tíð haft mikinn áhuga á grásleppu- og laxveiðum.

Þegar lagt var af stað í verkefnið ákvað skýrsluhöfundur að spyrja að því sem honum fannst áhugaverðast og gefa svo viðmælendum frelsi til að tjá sig um það sem þeim lá helst á hjarta. Í 6. kafla fjallar skýrsluhöfundur um það sem honum þótti áhugaverðast og jafnframt það sem viðmælendur höfðu helst að segja. Undirköflum eru skipt upp í þemu og eru svör allra viðmælenda kynnt þar á eftir. Spurningar og svör úr grásleppuhlutanum koma fyrst og úr laxveiðihlutanum á eftir. Reynt var að hafa spurningarnar sambærilegar til að fá sem skýrasta mynd af stöðunni og leita svara um það hvort veiðar af þessum toga hefðu samfélagsleg áhrif á svæðið. Einnig er spurt út í aðkomu kvenna að veiðunum og veiðarnar sjálfar ásamt fleiru.



### 3. Viðfangsefni rannsókna


#### 3.1. Hrognkelsi

Hrognkelsi (*Cyclopterus lumpus*) eru einstök því kynin bera ekki sama heiti, grásleppan er hrygna en rauðmagi er hængur. Grásleppan er mun stærri, oftast um 35-54 cm að lengd. Litur hennar er dökkgrár að ofan og ljósari á hliðum, að neðan er hún ljós og grænleit. Rauðmaginn er eins og nafnið gefur til kynna rauðleitur en það er þó aðeins yfir hrygningartímann. Annars er hann dökkgrár að ofan og grágrænn að neðan. Oftast er hann 28-40 cm að lengd. Útlit Hrognkelsisins er frekar klunnalegt en það er með stuttan haus, lítinn kjaft, litlar en beittar tennur. Kviðurinn er hálf flatur og bolurinn er stuttur. Roðið á fisknum er mjög þykkt en það kallast hvelja. Það er engin rák á fisknum. Fiskurinn verður kynþroska 5-6 ára og er aðalfæði hans eftir kynþroskaaldur ljósáta, smáhveljur og sviflægar marflær. Hrognkelsi á marga óvini og má þar nefna búrhvali, hákarla, seli og fiskveiði mannsins (Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson, 2013).



Mynd 1. Grásleppa og rauðmagi (Matis ohf., 2020).

Á mynd 2 má sjá útbreiðslu Hrognkelsa en þau lifa á norðurslóðum. Hrognkelsi er göngu- og útsævisfiskur en kemur að landi til að hrygna á harðan botn og festir þá eggin við grýttan botn eða í þaragróðri á 0-40 m dýpi. Eggjin eru um 2,5 mm í þvermál og er hver hrygning um 80-150 þúsund egg. Klakið tekur tvær til þrjár vikur og eru seiðin um 5 mm þegar klakið á sér stað. Rauðmaginn sér um uppeldið og gætir þeirra á meðan þau eru að klekjast út. Hann passar seiðin og gætir þess að þau fái nóg súrefni og reynir að vernda þau gegn hættum frá óvinum.



Mynd 2. Útbreiðsla Hrognkelsa (Food and Agriculture Organization of the United Nations, 2020).


Seiðin eru í þarabeltinu í um eitt ár en þá halda þau út á úthafið og halda sig uppsjávar. Hrygning byrjar fyrr fyrir norðan en fyrir sunnan landið (Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson, 2013).

### 3.2. Lax

Lax (*Salmo salar*) er sjógöngufiskur sem getur lifað í ferskvatni, sjó og í söltu vatni og eru heimkynni laxins beggja megin í Norður-Atlantshafi við 45°N og 75°N. Laxinn hrygnir í ám en fer svo í fæðugöngur út í sjó aftur. Laxinn er straumlínulaga, hausinn er lítill og augun líka. Munnurinn er í meðallagi stór og er laxinn jafnskolta. Tennur er hvassar og hefur hann mjög greinilega beina rák, liturinn getur verið breytilegur eftir aldri og hvort hann er í ferskvatni eða í sjó. Mikið er um lax í ám á Norður- og Suðurlandi en minna í hinum landshlutunum (Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson, 2013).

Hrygnan hrygnir í ám og seiðin lifa þar í 2-4 ár áður en þau fara út í sjó. Seiðin éta aðallega vatnsskordýr, lindýr, krabbadýr og aðra smáfiska. Fullorðnir laxar lifa á rækjum, fiski, átu og smokkfiskum. Við upphaf kynþroska snýr tegundin aftur úr sjónum og í langflestum tilfellum leitar hann aftur í ána sem hann klaktist út í og jafnvel á sama staðinn í henni. Hrygningartíminn er frá september og fram í desember. Hrygnan velur sér stað til að hrygna á en dýpt vatns þarf að vera frá 0,5-3 m, steinar þurfa að vera í réttri stærð til að seiðin geti falið sig í þeim og einnig þarf uppstreymi og vel súrefnisblandað vatn að vera til staðar. Hrygnan losar um 8.000-25.000 egg á tímabilinu. Flestir hængar deyja eftir hrygningu en um 10-40% hrygna geta snúið aftur til sjávar um haustið og farið í fæðugöngur og snúið aftur í sömu á vorið eftir eða ári seinna. Þær þurfa þó alltaf að doka við í árósum til að venjast seltuleysinu

áður en haldið er á hrygningarstaðinn upp í ánni. Eggin klekjast út að vori, venjulega eftir 70-160 daga. Seiðin dveljast oft 2-3 ár í ánum áður en þau ganga í gegnum umbreytingu í formi lífeðlisfræðilegrar breytingar þar sem ungið er að aðlagast því að fara úr fersku vatni yfir í sjó og getur tekið 5-6 ár að ganga í gegnum þessi umskipti. Seiðin fara í átt að árósum, þá að landgrunni og svo loks út í sjó á opið haf. Laxinn hefur mjög gott lyktarskyn sem verður til þess að hann getur alltaf ratað heim aftur í sína á og á sinn fæðingarstað. Laxinn getur náð allt að 10 ára aldri (Luna, S., á.á).



Mynd 3. Vöxtur laxa (Árni Ísaksson, 1994).


Mikil stækkun verður á laxinum þegar hann fer úr ánum og út í sjó, hann vex mjög hratt í sjónum þar til kynproska hefur verið náð en þegar laxinn er kominn í sjóinn þá er hann uppsjávarfiskur og étur mikið af loðnu, rauðátu, sandsílum og fleiri smáum lífverum (Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson, 2013).

## 4. Rannsóknargögn: Fylgni á milli veiða á grásleppu og laxi

Hér á eftir verður skoðað hvort jákvæð fylgni sé á milli grásleppuveiða og laxveiða á svæðinu frá Skjálfanda til Þistilfjarðar. Til grundvallar liggja aflaupplýsingar af svæðinu, frá höfnum sem staðsettar eru innan svæðisins og úr laxveiðiám. Síðar í þessum kafla verður komið inn á helstu niðurstöður úr viðtölum.


### 4.1. Tölfræðilegar niðurstöður

Gögn voru sótt af vef Fiskistofu og vef Landssambands veiðifélaga fyrir frekari úrvinnslu. Skoðaðar voru tölur frá tímabilinu 2009-2019. Á tímabilinu var gerð breyting á því hvernig afurðum á grásleppuveiðum var landað. Við upphaf tímabilsins voru eingöngu hrognin vegin en eftir breytinguna sem gerð var fyrir fiskveiðiárið 2013/2014 er búknum landað í heilu lagi. Þegar veiðitölur voru reiknaðar út þurfti skýrsluhöfundur því að umbreyta hrognatölu yfir í áætlað magn af óskorinni grásleppu en til að gera það var stuðst við sömu aðferð og lýst er í skýrslu frá Hafrannsóknarstofnun sem ber nafnið *Umreikningur á fjölda tunna af grásleppuhrognum yfir í óslægðan afla byggður á veiðdagbókum* (James Kennedy, Sigurður Þór Jónsson, 2020). Þar kemur fram að hrognaprósentan sé 30,5% en það er sú tala sem skýrsluhöfundur notaðist við í útreikningum í þeim tilvikum sem sjómenn lönduðu hrognum sér á árunum 2009-2013. Hafnirnar fjórar sem eru skoðaðar í þessari rannsókn eru Raufarhöfn, Þórshöfn, Kópasker og Húsavík. Heildarafli og fjöldi báta var skoðaður.




Mynd 4. Landaður afli af grásleppu í tonnum eftir höfnum (Fiskistofa, 2020).

Á mynd 4 hér að framan má sjá lönduð tonn af grásleppu eftir höfnum á árunum 2009-2019. Þar sem má sjá miklar sveiflur í veiðum verður að hafa í huga að breytingarnar geta verið háðar verði hrognanna, fjölda báta, veðurfari, veiðiráðgjöf og fleiri þáttum.



Mynd 5. Fjöldi báta eftir höfnum (Fiskistofa, 2020).

Á mynd 5 má sjá fjölda báta á hverjum stað. Þar má greina miklar sveiflur í bátafjölda á milli ára. Yfir tímabilið fækkar bátum á Kópaskeri úr þrettán niður í sjö, á Þórshöfn og Húsavík fækkaði bátunum um 50% yfir tímabilið. Það eru þó nokkrir bátar sem skiptast á að vera á Kópaskeri og Raufarhöfn á því tímabili sem rannsóknin nær til. Árið 2015 var metár á Raufarhöfn bæði í veiðum og bátafjölda. Það met gæti líka tengst hagstæðri veðráttu eða hitastigi sjávar sem ekki var skoðað í þessari rannsókn.




Mynd 6. Fjöldi landaðra laxa. Samanburður 10 ára fyrir svæðið (Fiskistofa, 2020).

Á mynd 6 má sjá hvernig þróun á síðustu tíu árum hefur verið þegar allar hafnir og allar laxveiðiár á rannsóknarsvæðinu eru lagðar undir. Skoðuð var fylgni milli þessara tveggja þátta í Excel. Fylgnistuðullinn  $r$  segir til um hversu sterkt línulegt samband er á milli breytanna og því nær 1 sem hann er því sterkara er sambandið. Fylgistuðull nálægt núlli gefur til kynna að lítil fylgni sé til staðar og stuðullinn  $-1$  táknar fullkomna neikvæða fylgni. Þegar tímabilið frá 2009 til 2014 er skoðað má sjá að það er nánast engin fylgni á milli breytanna en stuðullinn er  $-0,064$ . Þegar tímabilið 2015 til 2019 er skoðað þá er sterk jákvæð fylgni uppá  $0,980$ . Þegar allt tímabilið er tekið saman þá reynist fylgnin vera meðal sterk með stuðul upp á  $0,528$ . Engar skýringar fengust á því hvers vegna munurinn var svona mikill á milli þessa tveggja tímabila. Á töflu 1 hér að neðan má sjá fylgnistuðulinn  $r$  (e. *correlation coefficient*).

Tafla 1: Fylgnistuðull fyrir tímabil (Fiskistofa, 2020).


Tímabil	Fylgnistuðull r
2009-2014	-0,064
2015-2019	0,980
2009-2019	0,528



Mynd 7. Laxveiðitölur bornar saman fyrir Melrakkaslétu og Pistilfirði (Landssamband veiðifélaga, 2020).

Á mynd 7 má sjá samanburð á laxveiði í ám á Melrakkaslétu og Pistilfirði. Hér má sjá að sveiflur í Deildará, Ormarsá og Sandá eru áþekkar og hafa líka lögun þó magn sé misjafnt á meðan sveiflur í Hafralónsá og Kverká hafa aðra lögun. Framangreindar ár eru í námunda við hver aðra og því skoðaðar saman en Laxá í Aðaldal rennur í Skjálfanda sem er lengra frá þessum svæðum. Miklar sveiflur hafa verið á tímabilinu í Ormarsá en besta ár í veiðum var árið 2015 þegar 851 laxi var landað, en versta árið var 2018 þegar aðeins veiddust 142 laxar. Um Deildará má segja að lakasta árið í fjölda af lönduðum löxum hafi verið árið 2012 en þá veiddust aðeins 95 laxar en metárið var 2015 þegar 303 löxum var landað. Sandá átti einnig sitt besta ár 2015 með 531 lönduðum laxi en lélegasta árið var 2018 með 263 laxa. Hafralóns & Kverká átti sitt besta ár 2010 með 610 löxum og lélegasta árið var 2012 með 166 laxa. Út frá þessum gögnum má sjá að árið 2015 stóð upp úr hvað magn varðar fyrir utan Hafralóns & Kverká. Annað sem

mætti taka með í þessar tölur er fjöldi veiðidaga í ánum sem gætu skekkt línurnar eitthvað yfir tímabilið en það var ekki skoðað í þessari skýrslu.



Mynd 8. Fjöldi landaðra laxa úr laxveiðiám (Landsamband veiðifélaga, 2020).

Á mynd 8 má sjá fjölda veiddra laxa yfir tíu ára tímabil þar sem miklar sveiflur áttu sér stað. Á þeim gætu verið margar skýringar t.d. veðurfarslegar breytur, hiti sjávar, nýttir dagar veiðimanna en skýrsluhöfundur skoðaði ekki þessa vinkla á málinu.

#### 4.2. Vinnsluaðferðir á grásleppu og framhald á afurðum

Grásleppan er veidd í net á litlu dýpi við Ísland. Til að geta stundað veiðar við Íslandsstrendur þarf að sækja veiðileyfi hjá Fiskistofu (Matís ohf., 2020). Grásleppuveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í gegnum árin til nýtingar á hrognum sem eru um 30% af heildarþyngd grásleppunnar á hrygningartímabilinu. Fyrr á árum var grásleppan nýtt að hluta til manneldis en þá var hún látin hanga í hjöllum og borin fram sigin. Enn eru dæmi um slíka verkun þó svo að sá siður að leggja sér signa grásleppu til munns sé á undanhaldi. Rauðmaginn er hins vegar nokkuð vinsæll á diskum Íslendinga en þá er hann yfirleitt borinn fram reyktur eða saltaður. Ferskur rauðmagi er líka soðinn eða steiktur. Árið 2011 var sett reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða (nr. 735/2011) sem bannaði brottkast á grásleppu og þurfti þá að finna leiðir til að nýta alla afurðina og finna nýja markaði. Mikil verðmæti hafa skapast með sölu á hvelju til Kína sem hefur orðið til þess að grásleppuveiði hefur verið mikilvægur hluti útgerðar sem og útgerðarmanna (Matís ohf., 2020). Margir útgerðarmenn hafa veitt grásleppu árum saman og hafa yfirgripsmikla þekkingu á veiðisvæðum og verkunaraðferðum á hrognum og hveljum og viðmælendur þessarar skýrslur tilheyra þeim hópi.



## 5. Svör þátttakenda

### 5.1. Jákvæð fylgni á milli grásleppu- og laxveiða

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að fylgni væri á milli grásleppu- og laxveiða á svæðinu. Svör þeirra voru á ýmsa vegu. Af þeim fimm viðmælendum sem rætt var við þá höfðu þrír þeirra tilfinningu fyrir að það væri jákvæð fylgni án frekari rökstuðnings. Einn þeirra hafði töluvert spád í þessari fylgni, sérstaklega út frá náttúrufari og gat áætlað að hagstætt veðurfar gæfi samhengi á milli grásleppu- og laxveiða. Einnig benti hann á að lífnaðarhættir þessara fisktegunda væru svipaðir þegar þær væru báðar í úthafi í fæðuleit. Annar viðmælandi benti á að líftími þessara fiska væri mjög svipaður, en þeir lifa að meðaltali í fimm til sjö ár. Kom hann jafnframt inn á að þegar farið hefur verið í rannsóknarleiðangra til að telja makrílhrogn í sjónum þar sem flottroll er dregið á yfirborði sjávar „þá fá þeir meðafla að sjálfsögðu en stærstur hlutinn er grásleppu og laxaseiði, sem þýðir að þau eru einfaldlega að flækjast innum hvort annað“.

### 5.2. Áhrif grásleppuveiða á samfélagið

Það var áberandi að flestir þeirra sem spurðir voru um hvaða áhrif grásleppuvertíð hefði á samfélagið töldu hana vera til góðs og þá sérstaklega fyrir smátúngerðir sem væru mögulega bara á grásleppu og færu svo á strandveiðar. Viðmælandi E býr í stærsta byggðakjarnanum og taldi hann áhrif grásleppuveiða vera lítil á bæjarlífið. Hins vegar skiptir hver króna máli í tekjuöflun fyrir smáþorp og getur góð grásleppuvertíð því haft jákvæð áhrif á bæjarandann þar sem íbúarnir hafa margir hverjir aukið fé á milli handanna. Hins vegar eru flest þorp með aðra tekjustofna og því hefur léleg grásleppuvertíð einungis tímabundin áhrif. Samfélagslegur ábati af góðri vertíð hefur þannig meiri áhrif á samfélagið í heild heldur en léleg vertíð. Sagan hefur sýnt að þegar atvinnuvegir eru fjölbreyttir er auðveldara að lifa með litlum áföllum, líkt og lélegri grásleppuveiði eitt ár. Ein ástæða fyrir fækkun íbúa í þorpum á við þau sem eru á Melrakkaslétu er í grunninn vegna of mikillar áherslu á einn ákveðinn tekjustofn. Í dag eru þorpin fámenn eins og viðmælandi D orðaði svo vel „það eru ekki mörg egg í körfunni á þessum minni stöðum“.

Viðmælandi B hefur stundað grásleppuveiðar frá árinu 1984 án þess að missa úr vertíð. Á þeim tíma hafa margar breytingar orðið í umhverfi hans. Talaði hann um að þegar hann byrjaði í útgerð réri hann frá Leirhöfn á Melrakkaslétu og þá voru sex grásleppuútgerðir gerðar þaðan

út. Í áraraðir skiptu grásleppuveiðarnar þetta litla þéttbýli í Leirhöfn mjög miklu máli fjárhagslega upp á afkomuna á bænum. Í ljósi þess var alltaf mikil spenna í loftinu þegar fyrstu grásleppunetin voru lögð og að sama skapi var mikil stemming á bryggjunni þegar fyrsta afla var landað. Nokkrir viðmælendanna töluðu um að þessi stemming væri ennþá við lýði hjá ákveðnum hópum í heimabyggð þeirra og fylgst væri með afla dagsins við hafnarvogina.

Á þessum rúnum 35 árum hefur löggjöfin í kringum grásleppuveiðar tekið miklum breytingum. Þær breytingar hafa breytt allri vinnslu hvort sem er á landi eða á sjó. Aðspurður svaraði einn viðmælandi því hversu mikilvæga grásleppuna hann teldi vera fyrir samfélög í dag á þá leið að hún væri mjög mikilvæg. Hún skipti miklu máli fyrir lítil þorp eins og Raufarhöfn og Kópasker, veiðarnar efldu útgerð þeirra sem þær stunda af því að menn eru ekki að setja mikinn pening í veiðiheimildir.

Viðmælandi D talaði á svipuðum nótum og taldi grásleppuveiðar skipta töluverðu máli fyrir litlu þorpin. Veiðarnar virki fleiri einstaklinga til starfa heldur en bara þá sem róa til sjós. Veiðitímabilið er í dag ákveðinn dagafjöldi en undirbúningur og eftirvinnsla er þó nokkuð lengra tímabil. Meðal þeirra verka sem þarf að sinna er undirbúningur og frágangur á veiðarfærum sem er mjög tímafrek vinna og er oft sinnt af fjölskyldum sjómanna eða öðrum íbúum á svæðunum.

### **5.3. Konur og grásleppuveiðar**

Skýrsluhöfundur lék forvitni á að vita hvort viðmælendur hefðu starfað með konum á grásleppuvertíð eða hvort grásleppuveiðar teldust til karlastarfa. Svörin voru flest á svipaða leið. Viðmælendur telja starfið ekki vera karlastarf, en einungis viðmælandi C hafði starfað með konu á grásleppuveiðum á sjó. Hann sagði: „Já það hafa konur verið með mér fjórar vertíðar. En þetta eru engin átök og þær eru þess vegna miklu handfljótari og geta verið svo fljótar að greiða úr grásleppu.“ Viðmælandi E rifjaði upp þegar konur sinntu því starfi að hreinsa veiðarfærin en það hefur verið að hans mati sá hluti grásleppuveiða sem konur hafa sinnt mest. Eftir að hafa fengið þessi svör velti skýrsluhöfundur fyrir sér hvers vegna fleiri konur hafi ekki stundað grásleppuveiðar. Grásleppu- og strandveiðar eru, miðað við þær upplýsingar sem viðmælendur gáfu, ólíkar öðrum veiðum þegar þær eru bornar saman t.d. varðandi lengd fjarveru og líkamlegt erfiði. Mætti jafnvel álykta að grásleppuveiðar væru hentugar fyrir handfljótari konur. Það er rannsóknarefni fyrir seinni tíma.

#### 5.4. Kvóti á grásleppuveiðar

Allt frá því að kvótakerfið var tekið upp á Íslandi árið 1984 hafa verið mjög sterkar skoðanir á því og ekki stóð á þeim skoðunum í viðtölunum. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið nú í dag er byggt upp þannig að Hafrannsóknarstofnun gefur út heildarafla í formi ráðgjafar sem sjávarútvegsráðherra fær í sínar hendur. Það er svo í hans valdi að ákvarða aflann, fara eftir ráðgjöfinni, minnka eða auka við kvótann, en það þarf að gerast innan árs frá ráðgjöfinni. Fiskistofa sér um að úthluta kvótanum til útgerða. Smábátar eru ekki allir í kvótakerfinu en hingað til hafa þeir sem eiga ekki kvóta getað verið á grásleppuveiðum og strandveiðum ef veiðileyfi hefur verið gefið út fyrir viðkomandi bát.

Meðal viðmælenda voru mjög skiptar skoðanir um hvort þeir vildu að settur yrði kvóti á grásleppuveiðar. Nýliðun í greininni yrði verulega erfið með kvótasetningu. Þeir sem eru að vinna innan kvótakerfisins eru hlynntari því að kvóti verði settur á. Þá myndu þeir stjórna sóknardögum sjálfir og róa aðeins þegar hægt er, en ekki berjast við að fara á sjó í brælu til þess eins að reyna ná að veiða á fyrirfram ákveðnum dögum. Margir töldu að stærri útgerðir myndu sækja í kvótann yrði hann settur á og litlar útgerðir ættu lítinn möguleika á að geta stundað grásleppu- og strandveiðar í óbreyttri mynd.

Aðspurður um veiðarnar eins og þeim er háttað í dag telur viðmælandi C að kerfið sé úrelt og þyrfti að taka mið af breyttum aðstæðum, veðurfari og meðafla af öðrum nýtilegum tegundum sem koma með í netin. Oft eru sjómenn að sækja á sjó í erfiðum aðstæðum til þess eins að nýta þá daga sem settir eru fyrir í stað þess geta stjórnað sínum sóknardögum ef þeir væru með úthlutaðan kvóta. Þegar grásleppuveiðimenn draga netin er oft ákveðinn hluti aflans þorskur sem ekki er hægt að landa á markað sökum þess að rétt meðhöndlun hefur ekki verið á þorskinum. Það þarf að blóðga þorsk strax til þess að gera úr honum raunveruleg verðmæti, oft líða nokkrir dagar á milli þess sem vitjað er um netin. Til þess að stikla á stóru endaði viðmælandi C svar sitt á orðunum: „Þetta er óþolandi hvernig þetta kerfi er í dag.“

Áhugavert var að ræða við viðmælendur D og E um málið því þeirra reynsla af núverandi kerfi var jákvæð. Kerfið ýti undir aðgengi minni útgerða að veiði sem reynist litlum þorpum vel og hafi þannig góð samfélagsleg áhrif. Viðmælandi K tekur undir áhyggjur þeirra um að kvóti á smábáta muni hafa neikvæð áhrif á grásleppuveiðar. Stærri útgerðir myndu taka yfir markaðinn og breyta snögglega atvinnulífi minni þorpa. Kom hann inn á að frá árinu 1990 voru 1043 smábátar settir í aflamarkskerfið en í dag eru þeir undir 200 talsins og telur hann

mikilvægt að fækkunin verði ekki meiri. „Finndu dæmi um kvótasetningu sem hefur eflt smábátaveiðar og ég skal éta þetta allt saman ofan í mig.“

Aðspurðir um hvað væri þeim efst í huga varðandi grásleppuveiði síðastliðinn áratug voru allir sammála um að ákvörðunin um stöðvun veiðiheimilda síðastliðið vor standi upp úr. Sjávarútvegsráðherra, Kristján Þór Júlíusson og hans ráðuneyti stöðvuðu veiðar þann 2. maí 2020 nánast samstundis, vegna ráðgjafar frá Hafrannsóknastofnun. Fyrir tímabilið var gefinn út heildarkvóti fyrir grásleppuveiðar sem hljóðaði uppá 4.646 tonn en kvótinn er í samræmi við vísindalegar niðurstöður um ástand og magn tegundarinnar. Það kom flatt uppá grásleppusjómenn að kvótinn væri uppurinn á þessum tímapunkti því nóg var eftir af sóknardögum og mikið magn af grásleppu í sjó. Ákvörðunin um að stytta tímabilið tók gildi nánast samstundis. Sú ákvörðun kippti fótunum undan áætlunum og veiðimenn urðu fyrir miklum tekjumissi.

Umræða um kvótasetningu hefur verið í gangi í töluverðan tíma og óumdeilanlega eru skiptar skoðanir á því hvort eigi að setja kvóta á grásleppuveiðar eða hvort núverandi kerfi þjóni heildarhagsmunum best. Það yrði farsælast að taka slíkar ákvarðanir í samráði við sem flesta hlutaðeigandi aðila til þess að skapa sem mesta sátt. Á 150. löggjafarþingi 2019-2020 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum við veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða. Frumvarpið fór í umsagnarferli í byrjun september 2020 og er nú unnið úr umsögnum. Alls bárust 64 umsagnir og má sjá á þeim eins og á svörum viðmælenda að afar skiptar skoðanir eru á kvótasetningu grásleppunnar.

## 5.5. Hveljan á land

Árið 2012 voru sett lög (nr. 735/2011) um að hveljan þyrfti að koma í land og skýrsluhöfundur hafði mikinn áhuga á að vita hvað sjómönnum fannst um þær breytingar. Eins og með flest í þessum viðtölum voru mjög skiptar skoðanir á umfangsefninu.

Viðmælandi B sem hafði alltaf verið sjálfur með verkun í landi taldi það hafa haft í för með sér tekjumissi fyrst um sinn að koma hveljuni í land. Svo byrjuðu þeir á því að skera sjálfir út á sjó og koma í land með hveljuna í körum og hrognin í tunnum eins og áður var. En eftir að þeir hættu að verka sjálfir hafi þeim þótt mjög þægilegt að koma með fiskinn heilan í land. Það leiddi til þess að vinnan um borð varð mun minni. Hann nefndi það jafnframt að hængur væri á því fyrirkomulagi fyrir minni bátana því það væri miklu minna pláss fyrir heilan fisk. Viðmælandi D tekur undir það, stærri bátar hefðu forskot. Fiskurinn kemur heill í land, er

unninn þar að fullu og því hægt að álykta að lagabreytingin hafi haft töluverða breytingu í för með sér á verkunarferlunum. Fleiri störf hafa skapast og aukin verðmæti, því það er meira sem er nýtt af fisknum nú en áður. Viðmælendur minntust á að kaupendur gerðu miklar kröfur um gæði og því hafa stærri og fjársterkari vinnslur forskot á þær minni en það hefur valdið ákveðnum núningi á milli stærri útgerða og grásleppuveiðimanna. Hefur það leitt til ákveðins vantrausts í garð milligönguaðila fyrir kaupendur og veiðimannanna sjálfra. Viðmælandi K vill meina að ímynd grásleppuveiði hafi batnað til muna eftir lagabreytingu og að markaðssetning til Kína hafi leitt til afbragðs sölu á hveljunni.

Viðmælendur töldu einnig að breyting hefði orðið á vistkerfinu í kringum veiðarnar. Þegar brottkast var stundað á grásleppuveiðum nýtti þorskurinn sér hana til átu en hefur þurft að leita í annað þegar hveljan fór á land. Að sama skapi nýttu sjófuglar sér æti úr grásleppunni en núna sjást þeir varla við bátana.

## 5.6. Tilfinning við veiðar

Ein af spurningunum sem lögð var fyrir viðmælendur var: „Nú ert þú í miklu návígi við náttúruna, er það eitthvað sem að kallar sérstaklega á þig og hvernig er andleg líðan úti á sjó?“ Jafnframt var spurt: „Hvernig tilfinning er það ef veitt er mikið í einum róðri?“

Allir viðmælendur voru sammála um að þeir finndu fyrir miklum friði og liði sérstaklega vel úti í náttúrunni með fuglunum og fiskunum. Tveir viðmælendanna sögðu að þeim liði mjög vel að vera sinn eigin herra og stjórna aðstæðum. Öllum viðmælendunum fannst tilfinningin mjög góð við að fá mikinn afla, en þeir sem eldri voru orðnir töluðu um að þetta væri ekki eins gaman eins og í gamla daga þar sem mun erfiðara væri nú að sýsla með mikinn afla. Viðmælandi B finnst alltaf jafn spennandi þegar hann dregur netin upp og sér hvað er í netunum. Viðmælandi D sagði: „Það er mikil ánægja og maður er montinn með sig, svo þegar það er öfugt og maður kemur með skottið á milli lappanna og allt í vitleysu, þannig þetta er upp og niður.“

## 5.7. Veiðitímabil. Hvað stjórnar því hvort vertíðin verði góð?

Viðmælendur voru spurðir að því hvort hægt væri að meta eða sjá það fyrirfram hvort vertíð yrði góð og þá hvernig. Allir viðmælendur töluðu um veðurfar í þessu samhengi hvort sem það tengdist árinu á undan eða þegar vertíðin er í fullum gangi. Komst viðmælandi C skemmtilega að orði: „Veðurfarið skiptir máli því þetta er grunnsævis fiskur og hann finnur mjög mikið fyrir

því ef það eru stór brim eða slæmar aðstæður“. Einnig kom hann inná að grásleppan væri ekki áttthaga bundið dýr og myndi þess vegna hrygna eftir því hvað hentaði best í það skiptið. Þrír þeirra tengdu þetta beint við uppsjávarveiðar og taldi viðmælandi E að þegar loðnuveiði var mikil fyrir norðan að þá hefði oft verið hægt að meta afla vertíðar fyrirfram. Taldi hann einnig að umhverfisáhrif hafi mikil áhrif þ.e.a.s hitastig, áta og annað.

## 5.8. Laxveiði og fylgni

Sömu spurningar voru lagðar fyrir viðmælendur í laxveiði og fyrir grásleppuveiðimennina varðandi mögulega fylgni á milli veiðanna. Þrír af viðmælendunum töldu að það væri fylgni og kom viðmælandi E inn á að: „Það er alltaf talað um hafið sem stóru breytuna í laxveiðum en það er örugglega að stærstum hluta rétt en það breytir ekki því að laxveiði er líka háð því að skilyrði fyrir seiði séu góð í ánum, annars myndu þau aldrei komast til sjávar.“

## 5.9. Hversu mikilvæg er laxveiðin fyrir samfélagið okkar

Það var áberandi að allir þeir sem spurðir voru um hvaða áhrif laxveiðar hefðu á samfélagið töldu hana vera til góðs og tóku allir það sérstaklega fram að jarðeigendur sem eiga hluta í laxveiðiánum nytu góðs af. Tekjur af laxveiðiánum væru í mörgum tilfellum uppistaða launatekna og arði í landbúnaði sem síðar skilaði sér svo til sveitarfélagsins í formi útsvars. Kom viðmælandi H inn á að hann teldi að búskapur í Þistilfirði væri lítill sem enginn ef ekki væri fyrir laxveiðina. Eru dæmi um það að bændur hafi haldið áfram sínum rekstri í tugi ára vegna beinna tekna af laxveiðiám á jörðum þeirra. Beinar tekjur af laxveiðimönnum til samfélagsins séu ekki miklar í formi þjónustu inn í samfélagið þótt þeir versli alltaf eitthvað í matvörubúðum á svæðinu. Yfirleitt koma þeir með matvöru með sér í veiðihúsin á þeim stöðum sem slík þjónusta er ekki til staðar.

## 5.10. Konur og laxveiðar

Líkt og fyrir grásleppuveiðar lék skýrsluhöfundi forvitni á að vita hvort konur væru mikið að sinna laxveiðum á svæðinu og einnig hvort konur hefðu verið á veiðum með viðmælendunum. Fjórir þeirra hafa veitt með konum og komu þeir inn á að mikil aukning hefði átt sér stað síðustu 20 árin. Í dag er þetta ekki karla „sport“ eins og áður fyrr. Eftir aldamótin hefðu konur farið að sjást mun meira við bakkann á veiðum og eru alltaf fleiri konur að bætast í hópinn.

Viðmælandi E sagði: „Það hefur lengi legið það orð á stangveiði að vera karlasport, en þetta er að breytast hratt hin síðari ár, fjöldi kvenna er orðinn virkur í sportinu.“

### 5.11. Helstu ástæður endurkomu laxveiðimanna á svæðið

Mikið af laxveiðimönnum sem hafa verið að koma í árnar á þessu svæði sem skoðað var hafa verið að koma í fjölda ára, sumir í tugi ára. Skýrsluhöfundur lék forvitni á að vita hver ástæðan á bak við það væri. Viðmælandi J komst skemmtilega að orði og sagði: „Þetta er mikið sami hópur sem kemur ár eftir ár, þeir taka ástfóstri við árnar eins og laxinn sem kemur aftur í sömu ána og hann klaktist út í.“ Tveir af viðmælendunum sögðu að þessar laxveiðiar á svæðinu væru þekktar fyrir að vera krefjandi og vatnsmiklar og væri það visst aðdráttarafl út af fyrir sig. Eins eru laxarnir í mörgum af þessum ám frekar stærri en meðaltalið. Menn töldu það líka vera kost að geta sjálfir séð um sig í mat og drykk og að veiðihúsin á svæðinu væru mörg hver fyrir ofan þjóðveg. Svæðið í heild sinni er mjög heillandi og mikil víðátta en sjaldgæft er að lenda í „mokveiði“. Einn viðmælendanna telur að veiðimenn fari almennt þangað sem þeir fá veiðileyfi, oft sé erfitt að komast í sömu ána því þétt er setið um veiðileyfi í mörgum ám á Íslandi. Það þekktist vel að veiðimenn tilheyri veiðifélögum eða álíka hópum til að eiga greiðari leið að ákveðnum ám.

### 5.12. Laxinum sleppt í ána aftur

Í laxveiði er það orðin hefð að sleppa laxinum eftir mælingar og myndatökur. Þegar viðmælendur voru spurðir út í þessa athöfn og ástæðu hennar komu áhugaverð svör fram. Fjórir viðmælendanna álykta að það að sleppa laxinum hafi góð áhrif á laxveiðistofninn og lífríki ána. Fyrir aldamótin 2000 voru laxveiðar stundaðar með ýmis markmið í huga. Til að mynda til að selja laxinn í verslanir, til þess að veiða sér til matar eða svala frumþörf mannsins til að drepa. Svo fóru menn að taka eftir hnignun í stofninum og fóru veiðimenn í kjölfarið að taka upp á því að sleppa ákveðnum hluta aflans. Fóru sá siður vaxandi eftir því sem leið á og má áætla að stærstum hluta laxa sem veiddir eru í ám á Íslandi sé sleppt aftur. Viðmælandi H hafði áhugaverða sögu að segja þegar hann var spurður út í þessa breytingu. „Ég held að ástæðan hafi verið að það er fullt af mönnum sem veiddu svo mikið, áhrifamönnum í þessu sporti, þeir fóru að veiða svo mikið og höfðu ekkert með allan laxinn að gera að þeir fóru bara að sleppa honum aftur. Ég held að það sé upphafið á þessu. Menn höfðu ekkert með þetta að gera, búðirnar voru hættar að kaupa þetta.“ Spurði skýrsluhöfundur þá hvort hann héldi ekki að

Þetta hafi verið til að viðhalda stofninum? „Ekki í upphafi, þetta er að byrja um aldamót, að sleppa, fyrsti maðurinn sem ég þekkti sem var að gera þetta, en það var reyndar í silung, var Pálmi Gunnarsson, það var 2002-2003 sem ég kynntist honum. Í sumum ám er þetta 100% skylda.“

Vangaveltur og umræður eru greinilega uppi á milli veiðimanna um ástand laxa í kjölfar þess að þeim sé yfirleitt sleppt. Hluti viðmælenda var á því að laxarnir væru orkulausir og sýndu ásjáanleg merki þess að hafa verið veiddir áður. Erfitt er þó að segja til um nákvæmar ástæður þreytunnar því umhverfis aðstæður laxanna eru oft erfiðar, fossar að synda upp og annað slíkt sem getur haft áhrif á atgervi laxins. Viðmælandi K sagði umræðuna oft vera afvegaleidda því ástæður slappleika séu ólíkar milli landsvæða, jafnvel ólíkar milli svæða í sömu á. Hann telur laxa þola að vera veiddir oft, þeir þurfi oft tíma á milli til að jafna sig því átökin eru oft mikil. Enginn viðmælendanna taldi laxveiði vera dýraníð því þeir gangi aftur í ána óskaddaðir ef fylgt er viðmiðum um sleppingar sem veiðifélög og jarðeigendur hafa sett fyrir hverja laxveiðiá. Einnig ber að nefna að hefð þessi, að sleppa laxi, hefur orðið til þess að veiðitímabilið er lengra og veiðimenn sækjast í tímabil sem áður voru óvinsæl. Það er meiri lax í ánum heilt yfir og er því ekki síður ákjósanlegt að veiða að hausti eins og um mitt sumar.



## 6. Niðurstöður út frá þemum

### 6.1. Grásleppuveiðimenn

Álit veiðimanna á því hvort fylgni væri á milli grásleppu- og laxveiða var misjafnt. Sumir töldu það mögulegt en aðrir að svo væri ekki. Lífnaðarhættir fisktegundanna á úthafi eru líkir og hafa þeir veiðst saman með uppsjávarafla. Viðmælendur töldu að það væri mögulega fylgni á milli veiðanna ef umhverfis aðstæður væru svipaðar, til dæmis ef veðurfar væri milt. Aðspurðir út í samfélagsleg áhrif grásleppuveiða þá var upplifun veiðimanna aðeins ólík eftir því hvaðan þeir stunda sínar veiðar. Áhrifin virðast vera meiri á minni útgerðarstöðunum. Þar er algengara að samfélagið í heild fylgist með og taki þátt í veiðunum, verkuninni eða undirbúningi. Undirbúningsferlið er tímafrekt og taka konur jafnt sem karlar þátt í því en fáar konur róa til sjós þrátt fyrir að þær séu ekki síður hæfar í starfið. Allir viðmælendur hugsuðu til grásleppuveiða með hlýju í hjarta, þær gæfu þeim tækifæri á að komast í snertingu við náttúruna í friði og ró. Lagabreytingin um að hveljan þyrfti að koma í land breytti starfsumhverfinu, kom litlu bátunum í vandræði en viðmælendur töldu breytinguna vera til góðs. Núverandi veiðikerfi væri til þess fallið að litlar útgerðir líkt og þær sem eru í eigu viðmælenda hér geti sinnt veiðum en þeir voru á ólíkum skoðunum um það hvort ætti að setja á kvótakerfi.

### 6.2. Laxveiðimenn

Þeir viðmælendur sem rætt var við voru á því máli að einhver fylgni væri á milli laxveiði og grásleppuveiði en það væri þó einungis byggt á tilfinningu. Hafa ber í huga að laxveiði er stunduð sem áhugamál en grásleppuveiði sem atvinna og er því eðlismunur á tilgangi veiðanna. Ákveðinn hluti viðmælenda vildi meina að uppsjávarveiði og aðstæður í hafi segi til um hversu góð laxveiðin verði það tímabilið. Viðmælendur eiga það allir sameiginlegt að hafa stundað laxveiði í mörg ár og fylgjast vel með veiði um allt land, breytingum og aðstæðum. Út frá því leyfa þeir sér að álykta að heilt yfir sé ekki mikill samfélagslegur ábati af laxveiðum, veiðimenn haldi sig í veiðihúsum og komi oftast sjálfir með kost. Hins vegar eru miklar tekjur fyrir landeigendur að leigja út veiði í ám. Það á við á því svæði sem viðmælendur stunda sína veiði, en vinsælustu árnar eru uppbókaðar mörg ár fram í tímann. Töluvert af fjölskyldum stundar laxveiði og er þetta í hugum margra tilvalið tækifæri til að komast í snertingu við

náttúruna. Á síðastliðnum árum hafa fleiri konur bæst í hóp veiðimanna, en áður var laxveiði talin eign karlmannna. Stærsta breytingin í umhverfi laxveiðimanna á síðastliðnum áratugum varð þó þegar byrjað var að sleppa laxinum aftur í árnar. Nokkrar ástæður eru fyrir því en verndun stofnsins er sú helsta. Má áætla að líffræðilegur stofn sé í betra jafnvægi vegna þessa en skiptar skoðanir eru um áhrif á laxana. Einhverjir viðmælendur vildu meina að það að veiða sama laxinn síendurtekið hafi slæm áhrif á þá á meðan aðrir telja mikilvægustu breytuna vera tímann sem líði á milli veiða.

## 7. Samantekt og lokaorð

Í upphafi vinnu við skýrslu þessa kom í ljós að lítið er til af gögnum um fylgni á milli grásleppu- og laxveiða en í ljós kom að viðfangsefnið hafði verið á milli tannanna á veiðimönnum í töluverðan tíma. Í ljósi þess byggir skýrslan að stærstu leyti á tilfinningu og umræðum viðmælenda sem eiga það allir sameiginlegt að vera reynslumiklir veiðimenn. Hafa þeir allir stundað veiði á svæði sem nær frá Skjálfanda austur í Pistilfjörð. Reynsla þeirra var áþekkt á flestum sviðum en þrátt fyrir það höfðu þeir ólíkar skoðanir á núverandi veiðifyrirkomulagi, áætlanir um setningu kvóta og samfélagsleg áhrif veiðanna. Þeir grásleppuveiðimenn sem rætt var við töldu veiðarnar hafa jákvæð áhrif á samfélagið, þær auki tekjur og efla samhaldni þorpsbúa. Góð vertíð hafi áhrif á atvinnustig og bæti bæjarbraginn. Telja grásleppuveiðimenn að fylgni milli grásleppu- og laxveiða sé til staðar vegna samlífs tegundanna á úthafi og veiðitölur á tímabilum haldist í hendur þegar veiðiaðstæður séu svipaðar. Þá er sérstaklega vísað í að veðurfar sé stærsta breytan. Laxveiðimenn taka undir þessa kenningu. Vegna ólíks tilgangs veiðanna er samfélagslegur ábati ekki sá sami þegar laxveiðar eiga í hlut. Talið er að vegna þeirrar hefðar að laxi sé sleppt við veiðar séu áhrifin á lífríki einnig lítil. Laxveiðar séu stundaðar sem áhugamál.

Niðurstaða þessarar skýrslu er að mestu leyti byggð á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Töluleg gögn voru notuð um veiðitölur síðustu tíu ára þar sem í ljós kom að sterk jákvæð fylgni var á milli síðustu fimm ára, en árin á undan var nánast engin fylgni. Þegar tímabilið í heild sinni er skoðað (2009-2019) þá er um að ræða meðal sterka fylgni. Gefur þetta tilefni til nánari rannsókna. Áhugavert væri að fjölga breytum og lengja það tímabil sem skoðað er og skoða stærra svæði. Hægt væri að taka fyrir veiði á landinu öllu og taka tillit til ólíkra þátta, til dæmis hitastigs sjávar, veðurfars og heildarafla.

Þakkar fyrir aðstoð í verkefninu mínu frá Hreiðar Þór Valtýsson og Arthúr Bogason ásamt öllum viðmælendum sem gáfu sér tíma til að svara spurningum og komu með áhugaverða punkta. Þrátt fyrir að viðfangsefnið sé stórt og margir vinklar á því eru upplýsingar um grásleppu og laxveiði mikilvægar og hyggur skýrsluhöfundur á frekari rannsóknir þessu tengt í námi sínu við Háskólann á Akureyri.

## 8. Heimildaskrá

Árni Ísaksson. (1994). *Líffræði laxfiska*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Fiskistofa. (2020). *Landanir eftir höfnum*. Sótt af

<http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplysingar/landanir-eftir-hofnum/>

Food and agriculture organization of the United Nations. (2020). *Cyclopterus lumpus* (Linnaeus, 1758). Sótt af <http://www.fao.org/fishery/species/2537/en>

Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson. (2013). *Íslenskir fiskar*. Reykjavík: Mál og menning.

Háskóli Íslands. (2014). *Aðferðir*. Sótt af <https://fel.hi.is/adferdir>

James Kennedy, Sigurður Þór Jónsson. (2020). *Umreikningur á fjölda tunna af grásleppuhrognum yfir í óslægðan afla byggður á veiðdagbókum*. sótt af: <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2020-32.pdf> )

Landsamband veiðifélega. (2020). *Veiðitölur á Norðausturlandi*. Sótt af

<http://angling.is/is/veidivotn/laxveidiar/a-nordasturlandi/>

Luna, S. (á.á). *Salmo salar* Linnaeus, 1758. Fishbase. Sótt af

<https://www.fishbase.se/summary/Salmo-salar.html>

Matís ohf. (2020). *Fiskbókin*. sótt af <https://fiskbokin.is/botnfiskar/hrognkelsi/>

Matís ohf. (2020). *Fiskbókin*. sótt af <https://fiskbokin.is/botnfiskar/hrognkelsi/veidar/>

Matís ohf. (2020). *Fiskbókin*. sótt af <https://fiskbokin.is/botnfiskar/hrognkelsi/afurdir-og-nyting/>

Reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 735/2011.